

Nd.

428. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 394 (Tannlækningar).

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Breytingartillagan orðist þannig:

1. gr. orðist þannig:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein, og ekki til þeirra tannsmiða, er þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt, enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn, þar til ákvæði verða sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur.